



## Skipulags,- byggingar, og veitunefnd (SBV)

Fundur haldinn í skipulags,- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 9. október 2006 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting skv. undirskriftum.

### Erindi og afgreiðslur:

1. Skipulagsmál. Tillögur að deiliskipulagi við Smárabraut og Sunnubraut og í Brautarhvammi.  
**Afgreiðsla:**  
**Brautarhvamur.** Byggingafulltrúi kynnti tillögur gerðar af Verkfræðistofunni STOÐ á Sauðárkróki, þar er gert ráð fyrir tíu nýjum frístundahúsum til viðbótar þeim sem fyrir eru ásamt fleiri breytingum. Ábending kom um að tryggja yrði pláss fyrir göngustíg meðfram Blöndubökkum. Nefndin telur framkomnar hugmyndir góðar en áfram þurfi að þróa þær í samvinnu við ferðaþjónustuaðila á svæðinu.  
**Smárabraut og Sunnubraut.** Byggingafulltrúi kynnti hugmyndir að deiliskipulagi svæðisins, gerðar af Verkfræðistofunni STOÐ, ásamt umsóknum um lóðir við umræddar götur. SBV gerir að tillögu sinni að lóðirnar við Smárabraut 10 – 12 og Sunnubraut 9 – 11 verði settar í grenndarkynningu. Samhliða sé deiliskipulagsvinnu á reitnum flýtt sem kostur er.
2. Erindi frá Umf. Hvöt, þar sem sótt er um leyfi til uppsetningar á auglýsingarskilti við Þjóðveg 1.  
**Afgreiðsla:** Afgreiðslu erindisins er frestað og SBV óskar eftir frekari upplýsingum um stærð og gerð skiltisins.
3. Önnur mál.
  - a. Erindi frá Sorphreinsun VH. ehf. kt. 500196-3199. Vilhelm Harðarson sækir um lóð við Ægisbraut 12 á Blönduósi.  
**Afgreiðsla:** Lóð sú er sótt er um er ekki deiliskipulögð. SBV óskar eftir frekari upplýsingum um starfsemi og byggingar er um er rætt í umsókninni, en vísar henni að öðru leyti til umfjöllunar í bæjarráði. Lagt er til að iðnaðar – og atvinnusvæðisvæði við Ægisbraut og Ennisbraut verði deiliskipulagt.
  - b. Erindi: Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf sækir um lóð fyrir einbýlishús við Sunnubraut 5.  
**Afgreiðsla:** Lóðin er byggingarhæf, og byggingarfulltrúa falið að gera lóðabréf. Umsókninni er vísað til afgreiðslu í bæjarráði.
  - c. Erindi: Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf sækir um 3 lóðir við Blöndubýggð. Um er að ræða þrjár neðstu lóðirnar.  
**Afgreiðsla:** SBV bendir á að þetta svæði er skilgreint í aðalskipulagi sem íbúðarbyggð, svæðið er deiliskipulagt og byggingarhæft. Að öðru leyti er umsókninni vísað til bæjarráðs til afgreiðslu. Zophonías Ari situr hjá við afgreiðsluna vegna skyldleika við málið.
  - d. Erindi: Lárus B. Jónsson f.h. Kráks ehf sækir um leyfi til að setja saman sumarhús við Norðurlandsveg á lóð gömlu vélsmiðjunnar.  
**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt. Stöðuleyfi er veitt til allt að eins árs. Zophonías Ari situr hjá vegna skyldleika við málið .
  - e. Erindi: Lárus B. Jónsson fyrir hönd Lagnaverks ehf. sækir um leyfi til að setja niður 20 feta gám á steiptan grunn Ámundakinnar ehf. austan við Efstubraut 2.  
**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt. Stöðuleyfi er veitt til allt að eins árs. Zophonías Ari situr hjá vegna skyldleika við málið við málið.
  - f. Erindi: Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf. óskar eftir leyfi til að setja saman 3 sumarhús að Sunnubraut 7 á Blönduósi.



**Afgreiðsla:** Erindinu er hafnað með vísan til tölvupósts dagsettum 22. september 2006 þar sem umsækjanda er bent á að fylgja greinum 11 og 121 í byggingarreglugerð. Zophonías Ari situr hjá vegna skyldleika við málið.

- g. Lárus B. Jónsson f.h. Kráks ehf óskar eftir því að fá að sjá deiliskipulagshugmyndir á svæði ofan Flúðabakka.  
**Afgreiðsla:** Umrætt svæði er ekki deiliskipulagt og ekki er hafin umræða að marki um skipulag reitsins.
- h. Erindi: Lárus B. Jónsson leggur fram hugmynd að parhúsi sem byggt yrði við Smárabraut 10-12. Þá óskar Lárus eftir svari við því hvenær lóðin geti verið tilbúin fyrir framkvæmdir.  
**Afgreiðsla:** SBV getur fallist á hugmyndir að parhúsi og leggur til að fram fari grenndarkynning samkv. grein 12.5 í byggingarreglugerð. Að loknum 4 vikna fresti komi nefndin saman og gangi frá málinu, komi ekki fram athugasemdir. Zophonías Ari situr hjá við afgreiðslu málsins vegna skyldleika við málið.
- i. Erindi: Lárus B. Jónsson fyrir hönd eigenda Helgafells v/Aðalgötu sækir um breytingar á gluggum í stigahúsi á vesturhlið.  
**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt að því tilskildu að aðaluppdráttur berist og skriflegt samþykki komi frá öðrum eigendum.
- j. Erindi frá Stíganda ehf. Hilmar Kristjánsson f.h. Stíganda sækir um byggingarleyfi vegna Smárabrautar 6 - 8.  
**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt, byggingafulltrúa falið að gera lóðablað.
- k. Erindi frá Hirti Karli Einarssyni, hann óskar eftir því að lögð verði kaldvatnsleiðsla að frístundabyggð í Hnjúkahlíð.  
**Afgreiðsla:** SBV samþykkir að Tæknideild geri úttekt á forsendum og kostnaði við gerð aðalæðar og dreifikerfis, og leggi fyrir næsta fund nefndarinnar.
- l. Erindi frá Húnakaupum. Sigurður Jóhannesson sækir eftir stöðuleyfi fyrir tvö sumarhús á lóð félagsins að Húnabraut 4.  
**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt, stöðuleyfi veitt til allt að eins árs.
- m. Erindi frá Hirti Einarssyni. Óskað er eftir því að nefndin taki fyrir teikningu af frístundabyggð í Hnjúkahlíð.  
**Afgreiðsla:** Byggingafulltrúa er falið að yfirfara gögnin og leggja fyrir næsta fund.
- n. Afgreiðsla vegna umsóknar Reiðhallarinnar í Amargerði 2 – 8 um veitingaleyfi, sem frestað var á síðasta fundi, lagt fram til kynningar.
- o. SBV samþykkir að fastur fundartími sé fyrsti þriðjudagur í mánuði. Þá séu settar reglur vegna móttöku gagna, er fyrir nefndina koma.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20,30

Zophonías Ari Lárusson, formaður  
Þorgils Magnússon  
Ágúst Þór Bragason  
Eyjólfur Þórarinnsson, byggingafulltrúi  
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri

Ragnar Ingi Tómasson